

Flugmóðelfélag stofnað

Stofnað hefur verið félag er nefndist Flugmóðelfélag Suðurnesja og var stofnfundur þess haldinn miðvikudaginn 9. desember sl. í félagsheimilinu Stapa í Njarðvík. Á stofnfundinum var Gísli Hauksson kosinn formaður og Guðni V. Sveinsson var kosinn flugvallastjóri á Suðurflugvelli í Keflavík.

Markmið félagsins er að auka kynningu og þátttöku á flugmóðelssportinu. Mun verða haldinn opinn kynningarfundur í Stapa í byrjun febrúar nk., þar sem mönnum verður kynnt starfsemin og boðin aðild. Verður fundurinn nánar auglýstur síðar.



Frammi á myndinni 22/7 1993. (1993)

Loffför af ýmsum stærðum!

Þegar vel viðrar er oft fjölmennt á Keflavíkflugvelli, hinum eina sanna. Meðfylgjandi mynd tók ljósmyndari okkar, Hilmar Bragi, á dögnum þegar þar voru saman komin loffför af ýmsum stærðum. Fremst má sjá Örn Kjærnesteð með þýska flugvél sína, en á bakvið getur að líta vélknúinn svífðreka sem ber einn mann.